




Magnús Á. Arnason

og eitt málverka hans.

Með annan fótinn í síðustu öld

Í GÆR kl. 2 var sýning á verkum Magnúsar Á. Arnasonar opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Verða þar til sýnis 54 olíumálverk, og tvær höggmyndir, og stendur sýningin til 4. nóvember nk.

Magnús Á. Arnason, listmálari, sagði í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins, að hann sýndi eingöngu nýjar myndir að þessu sinni, landslagsmyndir frá suðvesturlandi og fimm andlitsmyndir. Margar myndanna væru frá Snæfellsnesi.

Ekki kvaðst Magnús vita, hversu margar málverkasýningar hann hefur haldið samanlagt, en þetta væri þriðja árið í röð, sem hann sýndi verk sín, bæði málverk og höggmyndir. Málverk

hans eru öll „natúralistísk“. Ég er með annan fótinn í síðustu öld,“ sagði hann, „og býst ekki við að öreyta til héðanaf.“

Unglingar á Akureyri með óspektir

AKUREYRI, 20. okt. — Mikið hefur borið á óspektum unglinga hér á kvöldin. Hefur ýmislegt brak og drasl verið fært inn á umferðargötum og umferðarmerki verið beygð og brotin.

Sökudólgarnir hafa náðst og eru þetta mest unglingar á aldrinum 16—19 ára. Vitað er, að

— Árekstrar

Framh. af bls. 3

að gefa neinar sannanlegar skýringar, en óneitanlega hvarflar að mönnum, að ekki sé alltaf viðhöfð sú varúð, sem æskileg væri. Of hraður akstur er algeng orsök slysa, en þó alls ekki sú eina. Óvarkárni ökumanna getur lýst sér á marga annan hátt, svo sem þann, að aka of nálægt bílnum í undan, að taka fram úr á gatnamótum eða þegar önnur bifreið kemur á móti o.s.frv.

Ókurteisi og þrjóska ein-kennir líka akstur margra og veldur mörgu slysinu.

Þegar gangandi menn eiga í hlut, bera þeir oft engu minni ábyrgð á slysum. Ógætni vegfarenda er mjög áberandi t.d. á aðalgötum miðbæjarins. Er þar oft hvorki sinnt umferð né umferðarljósum, en stormað beint í veg fyrir bílana og treyst á hemla og hæfni ökumanna. Það væri því ekki úr vegi að bílstjórar og aðrir vegfarendur tækju höndum saman og reyndu að koma hér á dálitilli umferðarmenningu, enda er það tímabært.



Ásgerður Búadóttir við vefstól sinn.

Vinnustofunni breytt í sýningarsal

ÁSGERÐUR Búadóttir opnaði í gær kl. 4 sýningu á þrettán listofnum teppum í vinnustofu sinni, Karfavogi 22. Sýningin verður opin daglega milli 2 og 10, fram til þriðjudagskvölds hins 6. nóvember.

— Það er verst að þurfa að halda sýninguna svona úr almannaleið, sagði frú Ásgerður. Enn sem komið er, er ekki til neinn lítil sýningarsalur hér í bæ, þar sem listafólk getur komið á framfæri einhverju smávægis.

— En kemur sýningin ekki til með að ráska öllum heimilis-háttum?

— St. E. Sig.

in því, en drengirnir mínir tveir eru orðnir hálfstálpaðir og þeir hafa lofað að vera með engin ólæti. Og ég vona að þetta fari allt vel.

Sýning Ásgerðar Búadóttur mun vera hin fyrsta héraðs á myndvefnaði einvörðungu. Hún hefur áður tekið þátt í sýningum, erlendis og innlendis og hlaut gullverðlaun á alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München 1956. Teppin, sem hún sýnir að þessu sinni, eru ofin úr íslensku bandi (sem er það eina sem fánlegt er hér), bæði sléttur vefur og flosvefnaður. Hún hefur unnið að þeim sl. tvö ár og hafa þau aldrei komið fram áður, nema þrjú.

Velvakandi

VELVAKANDI sneri sér til eins af varðstjórum lög-reglunnar út af hinum tíðu umferðarslysum, sem orðið hafa nú að undanfögnu. — Sverrir Guðmundsson varðstjóri í umferðardeild svarar hér í fáum dráttum spurningunni um það hvað helzt væri hægt að gera til úrbóta í þessum málum.

— Það er eins og það sé áráttu á okkur Íslendingum að okkur skortir tillitssemi í umferðinni og gildir það bæði um ökumenn á bifreiðum, hjólu og öðrum farartækjum og einnig um gangandi fólk.

★ Einblínið ekki á réttinn

Umferðarrétturinn getur verið ágætur og er sjálfsagður, en menn verða að gæta þess að einblína ekki á hann. Mörg atvik geta verið þannig að sá sem á réttinn verði að víkja. Það eru t. d. mörg nærtæk dæmi er sýna að hemlar bifreiða, eða

annar búnaður, hefir bilað og ökumaður hefir ekki getað spornað gegn því að aka í veg fyrir þann, sem samkvæmt hinum almennu reglum á réttinn. Það er eins og mönnum gleymist sú ófrávikjanlega öku regla, sem gefin er sem frumregla öllum ökumönnum, „að þeir eigi að geta stöðvað bifreið sína á ½ þess hluta vegarins, sem er hindrunarlaus framundan“.

Það er þessi regla, sem menn verða að hafa í huga og svo hin almenna tillitssemi og nánast kurteisi við aðra vegfarendur. Það er til málteki, sem hljóðar eitthvað á þá leið að það kosti ekkert að sýna kurteisi. Það kostar heldur ekkert að sýna ofurlitla tillitssemi jafnvel þótt maður eftir ströngustu reglum geti farið fram með frekju. Ef þessi tillitssemi yrði hér í vaxandi mæli er ég þess fullviss að umferðin færi mun betur fram og þá drægi jafnframt úr slysum.

★ Virðið þó ökuréttinn

Samfara þessu er það talsvert ríkt í mönnum að virða ekki umferðarréttinn til hlítar. Þeim gleymist að sinna biðskyldu, þar sem hennar er krafist og grípa þá hápin tæki færi, sem leitt geta til árekstra. Einnig er misbrestur á því að menn sinni stöðvunarskyldunni þar sem hennar er skilyrðislaust krafist. Þetta hefir þó í seinni tíð farið batnandi.

Þá eru stenfuljósin enn talsvert vandamál hér hjá okkur. Þau eru að sönnu tiltölulega ný, en notkun þeirra þó ekki það flókin að mönnum ætti ekki að vera hún fyllilega ljós. Það er kennt í ökuþrófum að ökumanni beri að gefa stefnuljós 50 m. áður en hann breytir stefnu, en á þessu vill verða mjög almennur misbrestur, þar sem menn gefa stefnuljósin of seint. Samfara þessu ber mönnum að sjálfsögðu að fylgjast vel með umferðinni fyrir aftan sig með því að líta í hliðarspeglar eða baksýnispeglar bifreiðarinnar og aka ekki snögg-

lega í veg fyrir bifreið, sem er fast á eftir. Þetta kemur einna mest fram þar sem akreina-skipting er á vegunum. Fjöldi ökumanna skiptir um akreinar án alls tillits til umferðarinnar. Hér gildir að sjálfsögðu sem annars staðar í umferðinni tillitssemi við aðra vegfarendur. —

★ Skuggsýni og snjócoma

Nú fer í hönd skammdeg-ið með myrkri og snjókomu samfara hálfu á vegunum. Þá verða ökumenn að gæta þess sérstaklega vel að rúðurnar á bílum þeirra séu jafnan hreinar og auðar svo vel megi sjá út um þær. Það er góð regla fyrir ökumann, sem er að setja bifreið sína í gang að morgni, að fara út í bifreiðina og rása hana og þrifa rúður, en láta hana síðan ganga meðan hann skreppur inn og drekkur morgunkaffið sitt. Þá hefir bifreiðin hitnað og rutt sig á meðan. Þá verða menn að muna að hafa þurrkurnar í lagi og eins verða þeir að hafa tæki til að þurrka af rúðunum að innan. Til þess fast litlar handhægar sköfur, sem ættu að vera í hverri bifreið. Á þessu vill verða mikill misbrestur og ótal slys hafa einmitt orðið af því að menn hafa ekki gætt þess sem



skyldi að h-einsa vel rúðurnar í bifreiðunum.

★ Gangandi fólk verður líka að gæta varúðar

Gangandi fólk verður einnig að gæta tillitssemi og varúðar í umferðinni. Nú, er skyggja tekur, verður það að gæta þess að ganga á móti umferðinni, einkum þar sem götur eru illa lýstar, svo og verður það að virða ljósmerkin þar sem þau eru og ganga ekki út á umferðargötum án þess að hafa fullvissað sig um að öllu sé óhætt.

Þá verða menn að leggja sér það ríkt á hjarta að aka jafnan við þær aðstæður, sem eru á hverjum stað og hverjum tíma. Hámarkshraði er yfirleitt 35 km hér innan bæjar, en það þýðir ekki að alltaf sé hægt að aka með þeim hraða. Veðrið leyfir það ekki í dag, þú ert að fara fram hjá skóla við næstu götu og á enn öðrum stað er verið að gera við götuna.

Það er því frumskilyrði hvers vegfarenda að sýna tillitssemi og laga sig eftir þeim aðstæðum sem fyrir eru. Hafi menn þetta ríkt í huga má ventla batnandi umferðar og minnkandi umferðarslys.

